

Fundur haldin í Eiríksstaðanefnd 18. nóvember 2019 í Borgartúni 30 í Reykjavík. Mætt voru Rögnvaldur Guðmundsson formaður, Svavar Gestsson, Þuríður Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð, Kjartan Ragnarsson, Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, Axel Hrafnkell Jóhannesson og Kristján Sturluson sveitarstjóri.

Rögnvaldur Guðmundsson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Fjármögnun verkefnisins

Svavar Gestsson og Kristján Sturluson fóru yfir stöðu fjármögnunar verkefnisins, fjármögnun er langt á veg komin. Umsókn liggur inni hjá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Kristján og Svavar áttu fund með skrifstofustjóra í Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti vegna fjármögnunar.

Staða framkvæmda við Leifsbúð og verkáætlun.

Framkvæmdir í Leifsbúð ganga samkvæmt áætlun, efri hæð verður tilbúin fljótlega og hægt að byrja á uppsetningu sýningar eftir áramót.

Vinna listamanna og undirbúningur sýningar.

Axel Hrafnkell Jóhannesson og Kjartan Ragnarsson fór yfir stöðu á vinnu listamanna og hönnuða. Vinnan er í fullum gangi og á áætlun.

Ráðning rekstaraðila/rekstrarform.

Auglýst verður eftir rekstaraðila núna í vikunni, mikilvægt að fá aðila sem fyrst að borðinu.

Kynningarefni og markaðsmál.

Rætt um kynningarefni og markaðsmál. Rögnvaldur Guðmundsson og Kristján Sturluson tóku að sér að fara yfir það mál. Mikilvægt að fara að auglýsa Vínlandssetrið og koma á því framfæri á netmiðlum og fleiri stöðum.